



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Úrskurðarnefnd í fæðingar- og
foreldraorlofsmálum
Guðrún A Þorsteinsdóttir
Félagsmálaráðuneytið
Hafnarhúsinu Tryggvagötu
150 Reykjavík

HS/hbj

Rvk. 28.05.2003

Efni: Kæra Björgvins Þórs Ingvarssonar vegna útreiknings fæðingarorlofs.

Við er til bréfs Úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála dags. 12. maí 2003 þar sem óskað er eftir greinargerð Samtaka atvinnulífsins vegna málsins. Með lögum um fæðingarorlof nr. 95/2000 var réttur foreldra til fæðingarorlofs og greiðslna í fæðingarorlofi aukinn verulega. Í stað fæðingarorlofs dagpeninga áður taka greiðslur nú mið af fyrri launum foreldris og greiðast úr Fæðingarorlofssjóði sem fjármagnaður er með tryggingagjaldi atvinnurekenda. Um greiðslurétt foreldra í fæðingarorlofi úr sjóðnum fer samkvæmt 13. gr. fæðingarorlofslaga. Skal mánaðarleg greiðsla nema 80% af meðaltali heildarlauna miðað við 12 mánaða samfellt tímabil sem lýkur tveimur mánuðum fyrir upphafsdag fæðingarorlofs. Innifalin í fyrrgreindum heildarlaunum eru því orlofslaun viðkomandi starfsmanns á viðmiðunartímabilinu.

Frekari greiðslum en sem nemur fyrrgreindum 80% af meðaltalslaunum á foreldri í fæðingarorlofi ekki rétt á samkvæmt lögnum. Hvergi er kveðið á um það í lögnum að reikna skuli orlof á greiðslur sjóðsins. Eins og fyrrsögn 14. gr. ber með sér fjallar sú grein um uppsöfnun og vernd réttinda og á ekkert skylt við greiðslur úr sjóðnum. Samkvæmt 2. málsgrein 14. greinar skal fæðingarorlof reiknast til starfstíma foreldris hjá vinnuveitanda við mat á starfsskyldum og réttindum svo sem rétti til orlofstöku og lengingar orlofs samkvæmt kjarasamningum ofl. Það þýðir að við útreikning starfstíma vegna lengingar orlofs sem starfsmaður á, t.d. réttar hans eftir 10 ára starf hjá sama vinnuveitanda, skal fæðingarorlofstíminn ekki koma til frádráttar. Sama gildir hvað varðar rétt til orlofstöku, þ.e. hve marga orlofsdaga starfsmaður á rétt á að taka, en þar er átt við sjálft leyfið, orlofið, án tillits til skyldu til greiðslu orlofslauna. Orlofsrétturinn er tvískiptur samkvæmt orlofslögum, annars vegar er rétturinn til orlofsdaga og hins vegar til orlofslauna sem reiknast af heildarlaunum starfsmanns, samanber 3. og 7. gr. orlofslaga nr. 30/1987.

Greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði teljast ekki til launa í skilningi orlofslaga né heldur getur foreldri talist í þjónustu fæðingarorlofssjóðs í skilningi laganna, samanber 5. gr. þeirra. Foreldri í fæðingarorlofi innir ekki af hendi störf fyrir sjóðinn undir stjórn hans. Réttur til orlofsgreiðslna í fæðingarorlofi verður því fráleitt byggður á reglum orlofslaga. Þeim lögum er einungis ætlað að taka til skyldna vinnuveitanda gagnvart starfsmönnum sínum. Greiðslur sjóða á borð við Fæðingarorlofssjóð og einnig Atvinnuleysis-tryggingasjóð byggja á almennum tryggingasjónarmiðum og falla utan gildissviðs orlofslaga.

Krafa kæranda um að Fæðingarorlofssjóði beri að reikna orlof ofan á fæðingarorlofsgreiðslur sínar gengur auk þess þvert á þær forsendur sem byggt var á við setningu fæðingarorlofslaganna.

Því til stuðnings vilja Samtök atvinnulífsins minna á sameiginlega skýrslu samtakanna og Alþýðu-sambands Íslands, „Fæðingarorlof og foreldraorlof - mat á kostnaði við aukinn rétt foreldra“, sem unnin var í aðdraganda setningar fæðingarorlofslaga. Í kostnaðarútreikningum skýrslunnar var ekki gert ráð



fyrir orlofsgreiðslum. Er það í samræmi við þann skilning sem byggt hefur verið á varðandi orlofslög, þ.e. að orlofslaun reiknist af launagreiðslum vinnuveitanda. Hingað til hefur ekki verið litið svo á að greiðslur úr opinberum sjóðum, hvaða nafni sem þær kunna að nefnast; bætur, dagpeningar eða greiðslur í fæðingarorlofi teldust til launa í skilningi laganna. Þó má benda á að enginn eðlismunur er á greiðslum í fæðingarorlofi samkvæmt núgildandi lögum og dagpeningagreiðslum eldri laga nema að upphæð greiðslna tekur nú mið af fyrri launum í stað unnins tíma. Þá er samningur sem samtök opinberra starfsmanna hafa gert við viðsejendur sína um greiðslur orlofslauna í fæðingarorlofi einnig til marks um að sjóðnum var ekki ætlað að greiða orlof.


Í samræmi við ákvæði laganna og tilgang er heldur ekki gert ráð fyrir því að Fæðingarorlofssjóði beri að greiða orlof af fæðingarorlofsgreiðslum sínum í útreikningum fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins á kostnaði vegna laganna, samanber frumvarpið með lögnum. Vegna þess mikla kostnaðarauka sem slíkar greiðslur myndu hafa í för með sér, eða sem jafngildir allt að 600 m.kr. á ári hefði verið nauðsynlegt að geta þess sérstaklega ef sú hefði verið ætlunin.

Samtök atvinnulífsins ítreka eftirfarandi:

Með setningu laga nr. 95/2001 um fæðingarorlof er réttur foreldra á vinnumarkaði aukinn þannig að þeir fengju mánaðarlegar greiðslur í fæðingarorlofi sem svaraði til 80% þeirra launa sem þeir höfðu áður. Sú ákvörðun fól í sér heildargreiðslur til þeirra úr fæðingarorlofssjóði. Ef greiða hefði átt orlof til viðbótar hefði það þurft að koma skýrt fram í lögnum sjálfum. Ekkert slíkt ákvæði var tekið upp í lögin. Lögskýringargögn og allir útreikningar í tengslum við setningu laganna sýna einnig svo ekki verður um villst, að sú var ekki ætlun löggjafans.

Krafa kæranda á sér því enga lagastoð.

Virðingarfyllt,
f.h. Hrafnhildar Stefánsdóttur, hrl.


Helga B. Jóhannsdóttir